

150. löggjafarþing 2019–2020.  
Þingskjal 1488 — 841. mál.

# Frumvarp til fjáráukalaga

## fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 36/2020.

(Lagt fyrir Alþingi á 150. löggjafarþingi 2019–2020.)

---

### Efnisyfirlit

#### Lagagreinar

|   |   |
|---|---|
| 1. gr. Fjárheimildir málefnasviða .....               | 3 |
| 2. gr. Fjárheimildir málefnasviða og málaflokka ..... | 4 |
| 3. gr. Heimildir .....                                | 5 |

#### Sundurliðun

|  |   |
|--|---|
| 1. Fjárheimildir málefnasviða eftir málaflokkum..... | 6 |
|--|---|

#### Athugasemdir

|   |    |
|---|----|
| Inngangur .....                           | 9  |
| 1. Gjöld A-hluta .....                    | 10 |
| 2. Heimildir .....                        | 13 |
| Athugasemdir við einstaka málaflokka..... | 14 |



# A-hluti

## Fjárheimildir málefnasviða og málaflokka

1. gr.

Eftirtaldir breytingar verða á 3. gr. fjárlaga fyrir árið 2020 um fjárheimildir málefnasviða í A-hluta.

| Rekstrargrunnur, m.kr.                            | Rekstrar-<br>framlög | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjármagns-<br>tilfærslur | Fjárfestingar-<br>framlög | Heildarfjár-<br>heimild | Rekstrar-<br>tekjur | Framlag úr<br>ríkissjóði |
|---|----------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------------|-------------------------|---------------------|--------------------------|
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....       | 50                   |                         |                          |                           | 50                      |                     | 50                       |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar ..... |                      | 2.120                   |                          |                           | 2.120                   |                     | 2.120                    |
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....            |                      | 63.000                  |                          |                           | 63.000                  |                     | 63.000                   |
| <b>Samtals .....</b>                              | <b>50</b>            | <b>65.120</b>           |                          |                           | <b>65.170</b>           |                     | <b>65.170</b>            |

# A-hluti

## Fjárheimildir málefnasviða og málaflokka

2. gr.

Effirtaldir breytingar verða á 4. gr. fjárheimildir málefnasviða og málaflokka í A-hluta, sundurliðaðar eftir ráðuneytum.

| Rekstrargrunnur, m.kr.                             | Æðsta sjióm ríkisins | Forsætisráðuneyti | Mennta- og mennmála-ráðuneyti | Utanríkisráðuneyti | Atv.vega- og nýsköpunar-ráðuneyti | Dömsmála-ráðuneyti | Félagsmála- og Heilbrigðisráðuneyti | Fjármála- og efnahagsráðuneyti | Samgöngu- og sveitarstjórnuneyti | Umhverfis- og auðlinda- og auðlindaráðuneyti | Heildarfjárráðuneyti | Framlag úr ríkissjóði |
|--|----------------------|-------------------|-------------------------------|--------------------|-----------------------------------|--------------------|-------------------------------------|--------------------------------|----------------------------------|--|----------------------|-----------------------|
| <b>05 Skatta-, eigna- og fjármálauneyti</b>        |                      |                   |                               |                    |                                   |                    |                                     | <b>50</b>                      |                                  |  | <b>50</b>            | <b>50</b>             |
| 05.10 Skattar og innheimta                         |                      |                   |                               |                    |                                   |                    |                                     | 50                             |                                  |  | 50                   | 50                    |
| <b>07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar</b> |                      |                   |                               |                    | <b>2.120</b>                      |                    |                                     |                                |                                  |  | <b>2.120</b>         | <b>2.120</b>          |
| 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar      |                      |                   |                               |                    | 2.120                             |                    |                                     |                                |                                  |  | 2.120                | 2.120                 |
| <b>30 Vinnuarkaður og atvinnuleysi</b>             |                      |                   |                               |                    |                                   | <b>36.000</b>      |                                     | <b>27.000</b>                  |                                  |  | <b>63.000</b>        | <b>63.000</b>         |
| 30.10 Vinnuarkaður og atvinnuleysi                 |                      |                   |                               |                    |                                   | 36.000             |                                     | 27.000                         |                                  |  | 63.000               | 63.000                |
| <b>Samtals</b>                                     |                      |                   |                               |                    | <b>2.120</b>                      | <b>36.000</b>      |                                     | <b>27.050</b>                  |                                  |  | <b>65.170</b>        | <b>65.170</b>         |

Ýmis ákvæði  
**Heimildir**

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2020:

**Breyttur liður:**

7.34 Að veita allt að 650 m.kr. framlag til Kríu, sem er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins, sem fjárfestir í sérhæfðum sjóðum sem hafa þann tilgang að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

**Nýr liður:**

7.35 Að veita allt að 500 m.kr. framlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, sem er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins, vegna veitingar sérstakra mótframlagslána til sprotafyrirtækja sem hafa orðið fyrir tímabundnum skakkaföllum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Ráðherra sem fer með málefni nýsköpunar annast gerð samnings við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um framkvæmd mótframlagslána, skilyrði þeirra og kjör.

## Sundurliðun 1

**Fjárheimildir málefnasviða eftir málaflokkum og ráðuneytum****05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla****05.10 Skattar og innheimta***09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti*

|                       |      |
|-----------------------|------|
| Rekstrarframlög ..... | 50,0 |
|-----------------------|------|

|             |  |
|-------------|--|
| Fjármögnun: |  |
|-------------|--|

|                             |      |
|-----------------------------|------|
| Framlag úr ríkissjóði ..... | 50,0 |
|-----------------------------|------|

|  |             |
|--|-------------|
| <b>05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla, heildargjöld .....</b> | <b>50,0</b> |
|--|-------------|

|                             |            |
|-----------------------------|------------|
| <b>Rekstrartekjur .....</b> | <b>0,0</b> |
|-----------------------------|------------|

|                                    |             |
|------------------------------------|-------------|
| <b>Framlag úr ríkissjóði .....</b> | <b>50,0</b> |
|------------------------------------|-------------|

|                                  |            |
|----------------------------------|------------|
| <b>Viðskiptahreyfingar .....</b> | <b>0,0</b> |
|----------------------------------|------------|

## 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

### 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

#### 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Rekstrartilfærslur ..... 2.120,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 2.120,0

**07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar, heildargjöld ..... 2.120,0**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 2.120,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

### 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

#### 30.10 Vinnumál og atvinnuleysi

##### 07 Félagsmálaráðuneyti

Rekstrartilfærslur ..... 36.000,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 36.000,0

##### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrartilfærslur ..... 27.000,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 27.000,0

**30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi, heildargjöld ..... 63.000,0**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 63.000,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**



Athugasemdir.

## Inngangur

Áhrif heimsfaraldursins COVID-19 á íslenska hagkerfið hafa verið að koma betur í ljós á undanförunum vikum. Þrátt fyrir að áhrifin séu komin fram að vissu marki er enn sem komið er ógerningur að áætla hver þau verða þegar upp er staðið en gert er ráð fyrir að áhrifin verði djúpstæðari og langvinnari en talið var í upphafi faraldursins.

Frá því að faraldurinn hófst hefur fjölmörgum efnahagslegum aðgerðum verið hrint í framkvæmd. Nú þegar hefur Alþingi samþykkt tvenn fjárukalög fyrir árið 2020. Vísað er til greinargerða þeirra frumvarpa þar sem grein var gerð fyrir almennum málsástæðum vegna afleiðinga heimsfaraldurs COVID-19. Þar var jafnframt að finna umfjöllun um spá AGS um horfur í heimshagkerfinu og alþjóðlegar áherslur á ráðstafanir í opinberum fjármálum. Þá hefur í sömu frumvörpum verið gerð grein fyrir aðgerðum íslenskra stjórnvalda og tengdum ráðstöfunum í ríkisfjármálum vegna faraldursins, sbr. 695. mál 150. þings sem varð að lögum nr. 26/2020 og 724. mál 150. þings sem varð að lögum nr. 36/2020.

Fram til þessa hafa stjórnvöld sett fram mótvægisáðgerðir í fjórum áföngum á um sjö vikna tímabili frá miðjum mars til loka apríl. Fyrsti áfanginn fólst í lagasetningu þann 13. mars sl. með gjalddagafrestunum á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds. Kynntir hafa verið þrjár aðgerðapakkar og voru nýjustu ráðstafanirnar kynntar í lok apríl. Fela þær í sér fram­lengingu hlutastarfaleiðarinnar, greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti og greiðsluskjól fyrir fyrirtæki, sbr. lagafrumvörp sem nú hafa verið lögð fram á Alþingi.

Í þessu þriðja frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2020 er fyrst og fremst lagt til að veittar verði auknar fjárheimildir vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum faraldursins, líkt og í tilvitnuðum fjárukalögum sem voru samþykkt í lok mars og í maí 2020. Auk þess er óskað eftir fjárheimild vegna uppsafnaðrar fjárþarfar vegna endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og lagt er til að gerð verði breyting á heimildarákvæði fjárlaga í frumvarpinu. Að öðru óbreyttu má ætla að enn annað fjárukalagafrumvarp verði jafnframt lagt fram á haustmánuðum, þá venju samkvæmt, á 151. löggjafarþingi. Gert er ráð fyrir að í því frumvarpi þurfi að afla frekari fjárheimilda, m.a. til að mæta auknum útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs á yfirstandandi ári og öðrum kostnaði af völdum heimsfaraldurs kórónuveirunnar, sem ekki rúmast innan fjárheimilda almenns vara­sjóðs fjárlaga, þegar kostnaðaráhrifin liggja betur fyrir.

**Efni frumvarpsins.** Meginefni þessa frumvarps er tvíþætt. Annars vegar eru í frumvarpinu lagðar til auknar fjárheimildir til viðeigandi málefnasviða og málaflokka ráðuneyta vegna vinnumarkaðsúrræða sem þegar hafa verið kynnt og leidd í lög eða að frumvörp þess efnis liggja fyrir á Alþingi, ásamt því að lagt er til að auka fjárheimildir vegna endurgreiðslna á kostnaði við kvikmyndagerð á Íslandi. Samtals nema tillögur um auknar fjárheimildir tæpum 65,2 ma.kr. Hins vegar er í frumvarpinu lögð til heimild til handa ráðherra til að veita allt að 650 m.kr. framlag til Kríu og allt að 500 m.kr. framlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins vegna veitingar sérstakra mótframlagslána til sprotafyrirtækja sem hafa orðið fyrir tímabundnum skakkaföllum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Nánar er fjallað um framangreindar breytingar í köflunum hér á eftir.

# 1 Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Eins og fram kemur í inngangi er frumvarpið lagt fram við óhefðbundnar aðstæður þar sem þjóðfélagið glímir nú við heimsfaraldur COVID-19 sjúkdómsins. Tillögur í frumvarpinu fela því einungis í sér afmarkaðar efnahagslegar mótvægisráðstafanir til að bregðast við neikvæðum heilsufarslegum og efnahagslegum áhrifum faraldursins og skapa aðstæður fyrir öflugra viðspyrnu í kjölfarið.

## 1.1 Helstu breytingar fjárheimilda í frumvarpinu

Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimildir málefnasviða verði auknar um samtals rúma 65 ma.kr. og verða þá heildarfjárheimildir ársins tæpir 1.108 ma.kr. Hafa þá fjárheimildir hækkað um rúma 103 ma.kr. frá því að fjárlög fyrir árið 2020 voru samþykkt í nóvember sl., eða um rúm 10%. Samtals nema heildarfjárheimildir í gildandi lögum fyrir árið 2020 um 1.042 ma.kr., þar af 1.004 ma.kr. í fjárlögum fyrir árið 2020 og rúmlega 38 ma.kr. í tvennum fjárukalögum fyrir árið 2020 sem samþykkt voru í mars og maí sl. Hækkun í þessu frumvarpi svarar til rúmlega 6% af áður samþykktum fjárheimildum. Þar sem áhrif COVID-19 faraldursins á efnahagsmál og ríkissjóð liggja enn ekki ljós fyrir má ætla að leitað verði eftir frekari viðbótarheimildum þegar hefðbundið frumvarp til fjárukalaga verður lagt fram á Alþingi í haust.

| Rekstrargrunnur   | m.kr.              |
|---|--------------------|
| <b>Heildarfjárheimild skv. fjárlögum 2020 .....</b>                         | <b>1.004.187,6</b> |
| <b>Breyting á fjárheimildum skv. fjárukalögum nr. 26/2020 .....</b>         | <b>25.576,0</b>    |
| <b>Breyting á fjárheimildum skv. fjárukalögum nr. 36/2020 .....</b>         | <b>12.572,0</b>    |
| <b>Breytingar á útgjaldaskuldbindingum .....</b>                            | <b>65.170,0</b>    |
| Greiðsla atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli .....          | 34.000,0           |
| Greiðsla hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti ásamt umsýslukostnaði ..... | 27.050,0           |
| Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi .....                        | 2.120,0            |
| Greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví .....                   | 2.000,0            |
| <b>Heildarfjárheimild 2020 .....</b>  | <b>1.107.505,6</b> |

Þær tillögur sem lagðar eru fram í þessu frumvarpi eru af fernum toga. Í fyrsta lagi er um að ræða framlengingu á hlutabótaleið, þ.e. greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli, en samtals er óskað eftir 34 ma.kr. fjárheimildum vegna þeirra. Í öðru lagi er óskað eftir rúmum 27 ma.kr. vegna greiðslu á hluta launa á uppsagnarfresti. Í þriðja lagi er óskað eftir rúmum 2 ma.kr. vegna endurgreiðslna á kostnaði við kvikmyndagerð á Íslandi. Í fjórða lagi er óskað eftir 2 ma.kr. vegna greiðslu launa til einstaklinga sem farið hafa í sóttkví vegna COVID-19 faraldursins. Hér á eftir er gerð grein fyrir hverjum þessara þátta ásamt umfjöllun um hvað felst í þeim tillögum sem lagðar eru fram ásamt niðurstöðum úr greiningu á kynjaáhrifum þeirra. Nánari útlitun á tillögum er að finna í *greinargerð við einstaka málaflokka*, aftast í þessu frumvarpi.

**Hlutabætur – greiðsla atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli.** Samtals er lagt til að veita 34.000 m.kr. á málefnasviði 30 *Vinumarkaður og atvinnuleysi* til greiðslu

atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli á tímabilinu 15. mars til 31. ágúst. Um er að ræða rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitenda vegna COVID-19 faraldursins. Í lok apríl höfðu alls 6.632 fyrirtæki nýtt sér hlutabótaleiðina fyrir 35.610 starfsmenn. Starfshlutfall þeirra hefur verið skert um 64% að meðaltali. Yfir helmingur fyrirtækjanna er með einn starfsmann í skertu hlutfalli og 91% færri en tíu starfsmenn. Gert er ráð fyrir að úrræðið verði framlengt til 31. ágúst og er búist við að um 14.000 manns nýti sér úrræðið á því tímabili.

**Laun á uppsagnarfresti.** Gert er ráð fyrir 27.050 m.kr. fjárheimild vegna greiðslu úr ríkissjóði á hluta launa starfsfólks á uppsagnarfresti. Fjárveitingin er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða allt að 27.000 m.kr. á málefnasviði 30 *Vinnumarkaður og atvinnuleysi* vegna greiðslu á hluta launa á uppsagnarfresti og hins vegar 50 m.kr. á málefnasviði 05 *Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla* vegna umsýslukostnaðar hjá Skattinum vegna vinnu við hugbúnaðargerð ásamt afgreiðslu umsókna og eftirlits. Áætlað er að úrræðið nái til um 12.500 launafólks sem flest starfar í ferðaþjónustu. Áætlaður kostnaður miðast við 85% af meðallaunakostnaði launþega í ferðaþjónustu og tengdum greinum, en hann nemur 540 þús.kr. á mánuði. Er hér átt við laun og lífeyrissjóðsgreiðslur. Hámarksstuðningur hvers launþega verður þrjú mánuðir auk orlofs og gert er ráð fyrir að heildarkostnaður ríkissjóðs verði að meðaltali 2,1 m.kr. á hvern launþega.

**Greiðslur til einstaklinga sem sæta sóttkví.** Óskað er eftir 2.000 m.kr. fjárheimild vegna greiðslna til þeirra einstaklinga sem sætt hafa sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda. Sóttkví hefur verið lykilráðstöfun í baráttunni við veiruna og markmiðið með greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði er að verja einstaklinga gegn tekjutapi og stuðla þannig að því að fólk fari eftir fyrirmælum stjórnvalda. Hámarksfjárhæð er 630 þús.kr. á mánuði miðað við heilan almanaksmánuð. Upphaflega var gert ráð fyrir að greiðslutímabilið næði til 30. apríl 2020 en það hefur verið framlengt til 30. september 2020.

**Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.** Gert er ráð fyrir 2.120 m.kr. hækkun á fjárheimild til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi til að mæta auknu umfangi endurgreiðslna umfram forsendur fjárlaga. Í fjárlögum 2020 er gert ráð fyrir 691 m.kr. fjárveitingu til verkefnisins, en upphæðin hefur nú þegar hefur verið greidd út, en ógreidd vilyrði ársins nema um 2.120 m.kr. skv. áætlunum um útgreiðslur. Fjárhæðin skiptist annars vegar í ógreidd vilyrði sem áætlað er að komi til endurgreiðslu á árinu 2020, samtals um 1.880 m.kr. Hins vegar er um að ræða um 240 m.kr. ógreidd vilyrði frá fyrri árum sem áætlað er að óskist greidd á árinu.

**Kynjuð fjárlagagerð.** Þær vinnumarkaðsaðgerðir sem lagðar eru til í þessu frumvarpi voru metnar út frá áhrifum á jafnrétti kynjanna með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar. Aðgerðirnar eru almennt taldar viðhalda óbreyttu ástandi en töluvert veltur þó á útfærslu þeirra. Þá er óvissa um þróun atvinnuleysis og nýtingu hlutastarfaleiðarinnar og greiðslu launa í uppsagnarfresti og því erfitt að draga ályktanir um áhrif úrræðanna enn sem komið er. Kynjaskipting umsækjenda um hlutabætur hefur til þessa verið í samræmi við hlut karla og kvenna á vinnumarkaði en mikilvægt er að fylgjast áfram með þróun nýtingar úrræðisins og áhrifum útfærslu þess á konur og karla. Þá má, í ljósi kynbundins launamunar, leiða líkur að því að hærri greiðslur verði greiddar vegna launa karla en kvenna í sóttkví og í uppsagnarfresti. Heimild til framlaga til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Kríu gæti mögulega stuðlað að auknu jafnrétti svo fremi sem hugað verði að kynjasjónarmiðum við útfærslu mótframlagslána til sprotafyrirtækja og fjárfestingarstefnu Kríu.

| Rekstrargrunnur, m.kr.  | Fjárlög <sup>1</sup><br>2020 | Heimildir <sup>2</sup><br>2020 | br.<br>m.kr.  | br.<br>%    |
|---|------------------------------|--------------------------------|---------------|-------------|
| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....                   | 6.893                        | 6.893                          |               | 0,0%        |
| 02 Dómstólar .....  | 3.379                        | 3.379                          |               | 0,0%        |
| 03 Æðsta stjórnarsýsla .....                                  | 2.905                        | 2.905                          |               | 0,0%        |
| 04 Utanríkismál .....   | 12.585                       | 12.585                         |               | 0,0%        |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....                   | 31.859                       | 31.909                         | 50            | 0,2%        |
| 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár .....                         | 4.122                        | 4.122                          |               | 0,0%        |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....             | 16.727                       | 18.847                         | 2.120         | 12,7%       |
| 08 Sveitarfélög og byggðamál .....                            | 23.825                       | 23.825                         |               | 0,0%        |
| 09 Almanna- og réttaröryggi .....                             | 30.535                       | 30.535                         |               | 0,0%        |
| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnarsýsla dómsmála .....    | 16.809                       | 16.809                         |               | 0,0%        |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....                           | 47.737                       | 47.737                         |               | 0,0%        |
| 12 Landbúnaður .....  | 16.606                       | 16.606                         |               | 0,0%        |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....                            | 7.279                        | 7.279                          |               | 0,0%        |
| 14 Ferðaþjónusta .....  | 5.005                        | 5.005                          |               | 0,0%        |
| 15 Orkumál .....  | 4.522                        | 4.522                          |               | 0,0%        |
| 16 Markaðseftirlit, neytdamál og stj.sýsla atv.mála .....     | 4.813                        | 4.813                          |               | 0,0%        |
| 17 Umhverfismál .....   | 20.586                       | 20.586                         |               | 0,0%        |
| 18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál .....             | 16.408                       | 16.408                         |               | 0,0%        |
| 19 Fjölmíðlun .....   | 5.302                        | 5.302                          |               | 0,0%        |
| 20 Framhaldsskólastig .....                                   | 36.603                       | 36.603                         |               | 0,0%        |
| 21 Háskólastig .....  | 46.075                       | 46.075                         |               | 0,0%        |
| 22 Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og menn.mála .... | 5.550                        | 5.550                          |               | 0,0%        |
| 23 Sjúkrahúspjónusta .....                                    | 107.261                      | 107.261                        |               | 0,0%        |
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....                  | 57.676                       | 57.676                         |               | 0,0%        |
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....                  | 56.703                       | 56.703                         |               | 0,0%        |
| 26 Lyf og lækningavörur .....                                 | 27.020                       | 27.020                         |               | 0,0%        |
| 27 Órorka og málefni fatlaðs fólks .....                      | 75.256                       | 75.256                         |               | 0,0%        |
| 28 Málefni aldraðra .....                                     | 85.309                       | 85.309                         |               | 0,0%        |
| 29 Fjölskyldumál .....  | 46.461                       | 46.461                         |               | 0,0%        |
| 30 Vinnurmarkaður og atvinnuleysi .....                       | 40.816                       | 103.816                        | 63.000        | 154,4%      |
| 31 Húsnæðisstuðningur .....                                   | 13.497                       | 13.497                         |               | 0,0%        |
| 32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála .....             | 11.867                       | 11.867                         |               | 0,0%        |
| 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi .....   | 99.676                       | 99.676                         |               | 0,0%        |
| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....      | 48.751                       | 48.751                         |               | 0,0%        |
| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....                            | 5.918                        | 5.918                          |               | 0,0%        |
| <b>Samtals .....</b>  | <b>1.042.336</b>             | <b>1.107.506</b>               | <b>65.170</b> | <b>6,3%</b> |

<sup>1</sup> Fjárlög að viðbættum áður samþykktum fjáráukalögum fyrir árið 2020

<sup>2</sup> Fjárlög að viðbættum fjáráukalögum, sbr. frumvarp þetta

## 2 Heimildir

Lagðar eru til frekari breytingar á heimildarákvæði 6. gr. fjárlaga í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að draga úr tjóni vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar og skapa öfluga viðspyrnu í kjölfar faraldursins. Lagðar eru til breytingar við greinina í tveimur liðum sem báðir varða stuðning við sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Með fjárukalögum nr. 36/2020, sem samþykkt voru 11. maí 2020, var gerð breyting á 6. gr. fjárlaga í þá veru að heimilt yrði að veita allt að 1.150 m.kr. framlag til Kríu, sjálfstæðs sjóðs í eigu ríkisins, sem fjárfesta skyldi í sérhæfðum sjóðum sem hefðu þann tilgang að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Með þeirri breytingu á 6. gr. fjárlaga sem hér er til umfjöllunar er lögð til nánari skipting á þessu 1.150 m.kr. framlagi í þá veru að allt að 650 m.kr. verði varið til Kríu og allt að 500 m.kr. til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins vegna veitingar sérstakra mótframlagslána til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja sem hafa orðið fyrir tímabundnum skakkaföllum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Liður 7.34 í fyrri fjárukalögum 2020 mun því breytast og einn liður koma til viðbótar.

Með breyttum lið 7.34 er mælt fyrir um heimild til að leggja allt að 650 m.kr. stofnframlag í sprota- og nýsköpunarsjóðinn Kríu. Miðað er við að sjóðnum verði komið á fót með sérstöku frumvarpi sem þegar hefur verið lagt fram á Alþingi en þar er jafnframt fjallað nánar um hlutverk sjóðsins og framkvæmd fjárfestinga í þágu nýsköpunar. Ráðherra verður þar af leiðandi heimilt að ráðstafa sérstöku stofnframlagi til sjóðsins á grundvelli heimildarinnar í fjárukalagafrumvarpi þessu þegar honum hefur verið komið á fót með lögum.

Með heimild 7.35 er mælt fyrir um að heimilt sé að leggja allt að 500 m.kr. stofnframlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (NSA), sem er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins, sem hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Framlag þetta skal nýtt til að veita mótframlagslán til sprotafyrirtækja, gegn framlagi fjárfesta til viðkomandi fyrirtækis, sem hafa orðið fyrir tímabundnum skakkaföllum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Um er að ræða nánari útfærslu á 1.150 m.kr. framlagi fjárukalaga 2020 (þskj. 1371) til að efla vöxt og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og stuðla að virku fjármögnunarumhverfi fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Gert er ráð fyrir því að ráðherra sem fer með málefni nýsköpunar geri samning við NSA þar sem NSA verði falin framkvæmd verkefnisins um veitingu þessara mótframlagslána. Mótframlagslánin verði í formi skuldabréfa með breytirétti. Stuðningur við lífvænleg sprotafyrirtæki er mikilvægur þáttur í viðspyrnu atvinnulífsins og þurfa aðgerðir stjórnvalda því að miðast við að styðja við lífvænleg sprota- og vaxtarfyrirtæki í gegnum erfiða tíma. Mótframlag stjórnvalda í samvinnu við fjárfesta er því mikilvægur stuðningur við fjárfestingarumhverfið hér á landi sem að hluta til er byggt á fyrirmyndum í nágrannalöndum þar sem aðgerðirnar hafa mælst vel fyrir. Gerður verður samningur við stofnunina þar sem kveðið verður á um skipan lánanefndar sem taki ákvarðanir um veitingu mótframlagslána. Í samningnum verði einnig kveðið á um skilyrði sem sprota- og nýsköpunarfyrirtæki þurfa að uppfylla til að geta fengið mótframlagslán, um kjör skuldabréfanna, hvernig staðið skuli að ferli við veitingu lánanna og önnur atriði. Tilgangur mótframlagslána er að þau séu til fjármögnunar á almennum rekstri fyrirtækja sem eru með færri en 50 starfsmenn. Gert er ráð fyrir að auglýst verði eftir umsóknum um mótframlagslán. Sérstök lánanefnd mun taka ákvarðanir um hvort umsækjendur uppfylli skilyrði sem sett verða og ákvarðanir um veitingu lánanna en NSA verður lánveitandi og verður jafnframt skráður eigandi eignarhlutanna við umbreytingu þeirra í hlutafé þegar og ef að því kemur.

Greinargerð við einstaka málaflokka.

## 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 50 m.kr.

### 05.10 Skattar og innheimta

Gert er ráð fyrir 50 m.kr. fjárveitingu til Skattsins, en stofnunin mun sjá um framkvæmd úrræðisins um stuðning til vinnuveitenda vegna greiðslu úr ríkissjóði á hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti. Fjárveitingin skiptist þannig að annars vegar er gert ráð fyrir 25 m.kr. vegna vinnu við hugbúnaðargerð, en umsóknir verða rafrænar. Hins vegar er gert ráð fyrir 25 m.kr. vegna vinnu við afgangsgreiðslu umsókna og eftirlits. Hér er um einskiptisaðgerð að ræða.

## 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 2.120 m.kr.

### 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

Gert er ráð fyrir 2.120 m.kr. fjárheimild vegna kvikmyndagerðar á Íslandi til að mæta auknu umfangi endurgreiðslna umfram forsendur fjárlaga. Í fjárlögum 2020 er gert ráð fyrir 691 m.kr. fjárveitingu til verkefnisins, sem nú þegar hefur verið greidd út, en ógreidd vilyrði ársins nema um 2.120 m.kr. skv. áætlunum um útgreiðslur. Fjárhæðin skiptist annars vegar í ógreidd vilyrði sem áætlað er að komi til endurgreiðslu 2020, samtals um 1.880 m.kr. Hins vegar er um að ræða 240 m.kr. ógreidd vilyrði frá fyrri árum sem áætlað er að óskist greidd á þessu ári. Með því að mæta uppsöfnuðum halla á endurgreiðslum mun þannig skapast svigrúm til að taka inn ný verkefni og nýta möguleg tækifæri sem myndast hafa í greininni í kjölfar COVID-19 faraldursins en í ljósi góðs árangurs Íslands í baráttu við faraldurinn hefur áhugi á kvikmyndaframleiðslu á Íslandi sem tókustað aukist.

## 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 63.000 m.kr.

### 30.10 Vinnumál og atvinnuleysi

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 63.000 m.kr. sem skýrist af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 34.000 m.kr. fjárheimild vegna greiðslu hlutabóta á tímabilinu 15. mars til 31. ágúst. Um er að ræða rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitenda vegna COVID-19 faraldursins. Vinnumálastofnun hefur umsjón með umsóknum um atvinnuleysisbætur vegna minnkaðs starfshlutfalls. Í lok apríl höfðu alls 6.632 fyrirtæki nýtt sér hlutabótaleiðina fyrir 35.610 starfsfólk, en starfshlutfall þess hefur verið skert um 64% að

meðaltali. Yfir helmingur fyrirtækjanna er með einn starfsmann í skertu hlutfalli og 91% færri en tíu. Gert er ráð fyrir að úrræðið verði framlengt til 31. ágúst og er búist við að um 14.000 manns nýti sér úrræðið á því tímabili.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir 27.000 m.kr. fjárheimild vegna stuðnings við greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti. Áætlað er að úrræðið nái til um 12.500 launafólks sem flest starfar í ferðaþjónustu, eða um 12.000 manns, og um 500 í verslun og þjónustu. Áætlaður kostnaður miðast við 85% af meðallaunakostnaði í ferðaþjónustu og tengdum greinum, eða sem nemur 540 þús.kr. á mánuði. Er hér átt við laun og lífeyrissjóðsgreiðslur. Hámarksstuðningur hvers launþega verður þrjú mánuðir auk orlofs og gert er ráð fyrir að heildarkostnaður ríkissjóðs verði að meðaltali 2,1 m.kr. á hvern launþega.

Í þriðja lagi er óskað eftir 2.000 m.kr. fjárheimild vegna greiðslu launa til þeirra einstaklinga sem sætt hafa sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda. Með sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, sem undirrituð var 5. mars 2020, náðist sátt um samfélagslega nauðsyn þess að hægja á útbreiðslu COVID-19 veirunnar. Í yfirlýsingunni kom fram að markmið sóttvarna sé að hægja á útbreiðslu veirunnar, vernda viðkvæma hópa fyrir smiti og draga úr álagi á heilbrigðiskerfið og innviði samfélagsins á meðan veiran gengur yfir. Sóttkví hefur verið lykilráðstöfun í baráttunni við veiruna og markmiðið með greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði er að verja einstaklinga gegn tekjutapi og stuðla þannig að því að fólk fari eftir fyrirmælum stjórnvalda um að fara í sóttkví. Hámarksfjárhæð launa í sóttkví er 630 þús.kr. á mánuði miðað við heilan almanaksmánuð. Upphaflega var gert ráð fyrir að heildargreiðslur vegna þessa yrðu um 700 m.kr. en nú er ljóst að þær verða hærrí þar sem mun fleiri hafa farið í sóttkví en upphaflega var reiknað með, auk þess sem tímabilið hefur verið lengt. Í fyrstu var gert ráð fyrir að greiðslutímabilið næði til 30. apríl 2020 en það hefur verið framlengt til 30. september 2020.

# Fylgirit með frumvarpi til fjáráukalaga

fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 36/2020.

---

## Efnisyfirlit

### Yfirlit

|   |   |
|---|---|
| Inngangur .....   | 3 |
| 1. Fjárveitingar eftir hagrænni skiptingu .....                 | 4 |
| 2. Fjárveitingar eftir málaflokkum og ráðuneytum .....          | 5 |
| 3. Fjárveitingar eftir ráðuneytum, stofnunum og verkefnum ..... | 6 |





## Inngangur

Í frumvarpi til fjárlaga og frumvarpi til fjáráukalaga eru fjárheimildir A-hluta ríkissjóðs sundurgreindar eftir málefna sviðum og málaflokkum. Skipting fjárheimilda málaflokka í fjárveitingar til ríkisaðila og annarra verkefna sem tilheyra A-hluta ríkissjóðs birtist í fylgiriti sem lagt er fram samhliða fjárlagafrumvarpinu og fjáráukalagafrumvarpi. Þetta fylgirit er frábrugðið fylgiriti fjárlagafrumvarpsins og fjárlaga að því leyti að hér er ekki sýnd sundurliðun á áætluðum tekjum A-hluta ríkissjóðs samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli um opinber fjármál, yfirlit yfir skuldbindandi þjónustu- og styrktarsamninga og ekki forsendur fjárveitinga sem byggjast á reiknilíkönum eða sérstökum reiknireglum og fyrirhugaðar breytingar á þessum líkönum og reglum. Í fylgiritinu er einungis sýnd nánari skipting fjárveitinga til stofnana og verkefna til samræmis við tillögur að breyttum fjárheimildum í frumvarpinu.

Efni fylgiritsins er í þremur yfirlitum og er sem hér segir:

- Skipting á breytingum á fjárheimildum málefna sviða og málaflokka samkvæmt frumvarpinu í fjárveitingar til ríkisaðila í A-hluta og verkefna. Fjárveitingar til ríkisaðila greinast í rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingarframlög. Einnig er gerð grein fyrir áætluðum rekstrartekjum ríkisaðila og verkefna og framlagi úr ríkissjóði.
- Sundurliðun fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna í A-hluta eftir málefna sviðum, málaflokkum og ráðuneytum.
- Sundurliðun fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna eftir ráðuneytum.

Yfirlit 1

Skipting fjárheimilda skv. frumvarpi til fjáráaukalaga fyrir árið 2020 í fjárveitingar til ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs og verkefna og í varasjóði málaflökka eftir hagrænni skiptingu

| Rekstrargrunnur, m.kr.                                      | Rekstrar-<br>framlög | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjármagns-<br>tilfærslur | Fjárfestingar-<br>framlög | Heildar-<br>fjárheimild | Rekstrar-<br>tekjur | Framlag úr<br>ríkissjóði |
|---|----------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------------|-------------------------|---------------------|--------------------------|
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....                 | 50,0                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 50,0                    | 0,0                 | 50,0                     |
| 05.10 Skattar og innheimta .....                            | 50,0                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 50,0                    | 0,0                 | 50,0                     |
| 09-210 Ríkisskattsjófi .....                                | 50,0                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 50,0                    | 0,0                 | 50,0                     |
| 101 Almennur rekstur .....                                  | 50,0                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 50,0                    | 0,0                 | 50,0                     |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....           | 0,0                  | 2.120,0                 | 0,0                      | 0,0                       | 2.120,0                 | 0,0                 | 2.120,0                  |
| 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar .....         | 0,0                  | 2.120,0                 | 0,0                      | 0,0                       | 2.120,0                 | 0,0                 | 2.120,0                  |
| 04-521 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi ..... | 0,0                  | 2.120,0                 | 0,0                      | 0,0                       | 2.120,0                 | 0,0                 | 2.120,0                  |
| 110 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi .....    | 0,0                  | 2.120,0                 | 0,0                      | 0,0                       | 2.120,0                 | 0,0                 | 2.120,0                  |
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....                      | 0,0                  | 63.000,0                | 0,0                      | 0,0                       | 63.000,0                | 0,0                 | 63.000,0                 |
| 30.10 Vinnumál og atvinnuleysi .....                        | 0,0                  | 63.000,0                | 0,0                      | 0,0                       | 63.000,0                | 0,0                 | 63.000,0                 |
| 07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður .....                   | 0,0                  | 36.000,0                | 0,0                      | 0,0                       | 36.000,0                | 0,0                 | 36.000,0                 |
| 111 Atvinnuleysisbætur .....                                | 0,0                  | 36.000,0                | 0,0                      | 0,0                       | 36.000,0                | 0,0                 | 36.000,0                 |
| 09-982 Launakostnaður á uppsagnafresti .....                | 0,0                  | 27.000,0                | 0,0                      | 0,0                       | 27.000,0                | 0,0                 | 27.000,0                 |
| 101 Launakostnaður á uppsagnafresti .....                   | 0,0                  | 27.000,0                | 0,0                      | 0,0                       | 27.000,0                | 0,0                 | 27.000,0                 |
| <b>Samtals .....</b>  | <b>50,0</b>          | <b>65.120,0</b>         | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>65.170,0</b>         | <b>0,0</b>          | <b>65.170,0</b>          |

## Yfirlit 2

### Sundurliðun fjárveitinga skv. frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árið 2020 til ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs eftir málaflökkum og ráðuneytum<sup>1</sup>

| Rekstrargrunnur, m.kr.   | Fjárlög<br>2020 <sup>2</sup> | Heimildir<br>2020 <sup>3</sup> | br. frá fjárlögum<br>m.kr. | br. frá fjárlögum<br>% |
|--|------------------------------|--------------------------------|----------------------------|------------------------|
| <b>05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla</b> .....                 | <b>31.859,0</b>              | <b>31.909,0</b>                | <b>50,0</b>                | <b>0,2</b>             |
| <b>05.10 Skattar og innheimta</b> .....                            | <b>8.780,4</b>               | <b>8.830,4</b>                 | <b>50,0</b>                | <b>0,6</b>             |
| <i>09-210 Ríkisskattsjóri</i> .....                                | <i>4.442,1</i>               | <i>4.492,1</i>                 | <i>50,0</i>                | <i>1,1</i>             |
| 101 Almennur rekstur.....  | 4.362,0                      | 4.412,0                        | 50,0                       | 1,1                    |
| <b>07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar</b> .....           | <b>16.726,9</b>              | <b>18.846,9</b>                | <b>2.120,0</b>             | <b>12,7</b>            |
| <b>07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar</b> .....         | <b>7.133,9</b>               | <b>9.253,9</b>                 | <b>2.120,0</b>             | <b>29,7</b>            |
| <i>04-521 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi</i> ..... | <i>691,4</i>                 | <i>2.811,4</i>                 | <i>2.120,0</i>             | <i>306,6</i>           |
| 110 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.....            | 691,4                        | 2.811,4                        | 2.120,0                    | 306,6                  |
| <b>30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi</b> .....                      | <b>40.816,2</b>              | <b>103.816,2</b>               | <b>63.000,0</b>            | <b>154,4</b>           |
| <b>30.10 Vinnumál og atvinnuleysi</b> .....                        | <b>39.241,1</b>              | <b>102.241,1</b>               | <b>63.000,0</b>            | <b>160,5</b>           |
| <i>07-984 Atvinnuleysistryggingarsjóður</i> .....                  | <i>32.237,8</i>              | <i>68.237,8</i>                | <i>36.000,0</i>            | <i>111,7</i>           |
| 111 Atvinnuleysisbætur.....  | 26.611,8                     | 62.611,8                       | 36.000,0                   | 135,3                  |
| <i>09-982 Launakostnaður á uppsagnarfresti</i> .....               | <i>0,0</i>                   | <i>27.000,0</i>                | <i>27.000,0</i>            | <i>-</i>               |
| 101 Launakostnaður á uppsagnarfresti.....                          | 0,0                          | 27.000,0                       | 27.000,0                   | -                      |
| <b>Samtals</b> .....   | <b>1.042.335,6</b>           | <b>1.107.505,6</b>             | <b>65.170,0</b>            | <b>6,3</b>             |

<sup>1</sup> Í töflunni eru settar fram þær fjárveitingar sem breytast með frumvarpi til fjáráukalaga 2020. Þannig miðast samtölur málefnastríða og málaflökka við sviðð og flokkinn í heild sinni þó svo að einungis séu sýndir liðir og viðföng sem taka breytingum með fjáráukalögum.

<sup>2</sup> Fjárlög að viðbættum áður samþykktum fjáráukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 36/2020.

<sup>3</sup> Fjárlög að viðbættum fjáráukalögum, sbr. frumvarp þetta

Yfirlit 3

Sundurliðun fjárveitinga skv. frumvarpi til fjáráukalaga árið 2020 til ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs eftir ráðuneytum, stofnunum og verkefnum

| Rekstrargrunnur, m.kr.                                      | Rekstrar-<br>framlög | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjármagns-<br>tilfærslur | Fjárfestingar-<br>framlög | Heildar-<br>fjarheimild | Rekstrar-<br>tekjur | Framlag úr<br>ríkissjóði |
|---|----------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------------|-------------------------|---------------------|--------------------------|
| <b>04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti</b> .....         | <b>0,0</b>           | <b>2.120,0</b>          | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>2.120,0</b>          | <b>0,0</b>          | <b>2.120,0</b>           |
| 04-521 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi ..... | 0,0                  | 2.120,0                 | 0,0                      | 0,0                       | 2.120,0                 | 0,0                 | 2.120,0                  |
| <b>07 Félagsmálaráðuneyti</b> .....                         | <b>0,0</b>           | <b>36.000,0</b>         | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>36.000,0</b>         | <b>0,0</b>          | <b>36.000,0</b>          |
| 07-984 Atvinnuleysisstryggingasjóður .....                  | 0,0                  | 36.000,0                | 0,0                      | 0,0                       | 36.000,0                | 0,0                 | 36.000,0                 |
| <b>09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti</b> .....              | <b>50,0</b>          | <b>27.000,0</b>         | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>27.050,0</b>         | <b>0,0</b>          | <b>27.050,0</b>          |
| 09-210 Ríkisskattsjóri .....                                | 50,0                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 50,0                    | 0,0                 | 50,0                     |
| 09-982 Launakostnaður á uppsagnarfresti .....               | 0,0                  | 27.000,0                | 0,0                      | 0,0                       | 27.000,0                | 0,0                 | 27.000,0                 |
| <b>Samtals</b> .....  | <b>50,0</b>          | <b>65.120,0</b>         | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>65.170,0</b>         | <b>0,0</b>          | <b>65.170,0</b>          |